# G.j.ö.r.ð.a.b.ó.k.

Ungmennafélagsins
„Vaka"
í
Víðvíkur hreppi

## Fundargerð

Ár 1930, mánudaginn hinn 10. mars, var haldinn fundur á þinghúsi Viðvíkurhrepps, samkvæmt áður birtu fundarboði, til þess að ræða um stofnun ungmennafjelags í Viðvíkurhreppi.

Fundinn setti Jóhannes Björnsson hreppstjóri á Hofsstöðum og nefndi hann skrifara Bessa Gíslason á Miklahóli.

Fyrir var tekið:

1. Fundarstjóri las upp uppkast að lögum, fyrir væntanlegan fjelagsskap og lagði það síðan fyrir fundinn til umræðu.

Eftir nokkrar umræður um lögin í heild, voru þau borin undir atkvæði grein fyrir grein.

1. gr. Frestað að ákveða nafn fjelagsins.
2 – Samþykt.
3 – Sömuleiðis.
4 – Sömuleiðis.
5 – Sömuleiðis.
6 – Sömuleiðis.
7 – Feld burt, og verður þá 8 gr. 7. gr. o. s. frv.
8 – Samþykt.
9 – Sömuleiðis.
10 – Sömuleiðis.
11 – Sömuleiðis.

12. gr. Sömuleiðis
13. – Sömuleiðis

Lögin þar næst borin undir atkvæði og samþykt, í heild.

2. Kosin bráðabirgðastjórn til aðalfundar og hlida kosningu: Björn Símonarson formaður, og sjera Guðbrandur Björnsson og Jóhannes Björnsson meðstjórnendur. –
3. Ákveðið að halda fund í fjelaginu laugardaginn 29. marz n. k. kl. 1 e. h., á þinghúsi hreppsins. –

Fleira ekki rætt
Fundargerð lesin upp og samþykt.
Fundi slitið. –

Bessi Gíslason. (skrifari) — Jóhannes Björnsson (fundarstj.)

# Lög

## fyrir ungmennafjelagið Vaka.

1. gr.

Fjelagið heitir: Ungmennafjelagið Vaka.

2. gr.

Fjelagi getur hver sá orðið, sem dvelur í Víðvíkurhreppi um lengri eða skemmri tíma og rita vill undir lög og reglur fjelagsins, en atkvæðisrjett hafa aðeins þeir, sem greiða árstillög

3. gr.

Fjelagar þeir, sem eru 14 ára og eldri, skulu greiða í fjelagssjóð kr. 1.50 í árstillag. – Börn innan 14 ára greiða ekki árstillag.

4. gr.

Markmið fjelagsins er:

a. Að venja fjelaga við, að hlíta góðum fundar-

reglum.

b. Að venja þeim, að setja fram skoðanir sínar skipulega, bæði í ræðu og riti og verja þær með rökum og stillingu.

c. Að þroska starfskrafta þeirra og venja þá við að beita þeim, svo sem best má verða, bæði innan fjelags og utan.

5. gr.

Fundir skulu haldnir í fjelaginu eigi færri en 6 ár hvert. Í lok hvers fundar kýs fjelagið sjer fundarstjóra, til næsta fundar.

Fundarstjórar skulu auglýsa fundarstörf ekki síðar en einni stund áður en fundur er settur.

Fundarstjóri kýs ritara og sjer um að fundarreglum sje hlýtt.

Stjórn fjelagsins og fundarstjórar skulu sjá um, að sem jafnast skiftist milli fjelagsmanna, að hafa framsögu málefna á fundum og að hafa með höndum önnur fundarstörf.

6. gr.

Fundur er lögmætur, ef 1/2 atkvæðisbærra fjelagsmanna mæta. Meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. –

7. gr.

Aðalfund sinn heldur fjelagið í maí- eða júnímánuði ár hvert. Hann hefur æðsta vald í öllum fjelagsmálum.

Aðalfundur kýs stjórn fjelagsins og tvo endurskoðendur.

Aðalfundur er lögmætur, ef 3/4 atkvæðisbærra fjelagsmanna eru mættir.

Meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi. –

8. gr.

Stjórn fjelagsins sje skipuð þrem mönnum, formanni og tveimur meðstjórnendum.

Stjórnin skiftir með sjer verkum að öðru leyti. Hún skal boða til fundar með nægum fyrirvara.

Hún skal innheimta allar tekjur fjelagsins og sjá um, að þær sjeu ávaxtaðar og varið samkvæmt því sem aðalfundur ákveður. –

Stjórnin leggur fram skýra og endurskoðaða reikninga fjelagsins, á aðalfundi. Hún sjer og um, að fjelagið eigi gjörðabók. – Í gjörðabók skal

rita lög fjelagsins, fundarreglur, fundargjörðir og annað, sem fjelagið þarf að hafa skráð. Stjórnin sje málsvari fjelagsins, bæði innan þess og utan.

9. gr.

Fjelagsmenn skuldbinda sig til, að vinna á móti notkun tóbaks og áfengra drykkja með því, að starfandi sje innan fjelagsins deild, sem skuldbindi sig til, að neyta hvorki tóbaks nje áfengis.–

10. gr.

Enginn getur sagt sig úr lögum fjelagsins, nema hann tilkynni aðalfundi það skriflega.

11. gr.

Þó fjelagið sje lagt niður, eða hætti störfum, skal sjóður þess og aðrar eignir, sem það kann að eiga, jafnan vera í vörslum og undir yfirráðum ungs fólks í Viðvíkurhreppi. – Skal það annast um, að sjóðurinn sje ávaxtaður og geymdur á tryggum stað, en eigi má það verja honum nema til fjelagsþarfa framkvæmda innan sveitarinnar, sem til menningar og heilla telja fyrir sveitafjelagið.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið undirrituð á stofnfundi fjelagsins. – Þeim má breyta á aðalfundi, ef 3/4 greiddra atkvæða eru því fylgjandi.

~~Björn Símonarson~~ ~~Pála Björnsdóttir~~
~~Inga Jóhannesdóttir~~ ~~Helga Jónsdóttir~~
Margrét Jóhannesdóttir ~~Una Símonardóttir~~
~~Lauron Friðjónsdóttir~~ ~~Hólmfríður Jónsdóttir~~
Sigríður Sigurðardóttir ~~Katrín B.~~
~~Gunnar Þórðarson~~ ~~Jóhannes Björnsson~~
~~Soffía Jónsdóttir~~ [illegible]
~~Páll Bessason~~ ~~Ásgrímur Hartmannsson~~
~~Ragnar Björnsson~~ ~~Guðmundur Arason~~
~~Jónas Ásmann~~ Herjólfur Sveinsson
~~Stefán Jónsson~~ ~~Björn Guðbrandsson~~
~~Magnús Gunnlaugsson~~ Jósef ~~Halldórsson~~
~~Guðrún Jónsdóttir~~ Hólmfríður Sveinsdóttir
~~Jens Jónsson~~ ~~Ívar Antonsson~~
~~Sigmar Sigtryggsson~~ Sigtryggur Pálsson
Flutt

Flutt

~~Garðar Björnsson~~, ~~Hrói B. Laufdal~~

[redacted] Margrét Ólafsdóttir. Margrét Bessadóttir

~~Eggert Skarphéðinsson~~ ~~Gísli P. Ólafsson~~.

~~Haraldur Sigurðsson~~. Guðjón Jónsson

Sigrún ~~Jónsdóttir~~. ~~Ragnar Björnsson~~

~~Unnur Helgadóttir~~ Hólmlaug Halldórsdóttir

~~Óskar Pétursson~~

~~Ragnar B. Jóhannsson~~

Sigurmon Hartmannsson:

~~Margrét Jósefsdóttir~~

~~Jóhanna ... dóttir~~

Sverrir Björnsson

Þorbjörg Sveinsdóttir

Garðar Björnsson

Sigurlaug Ólafsdóttir

~~Sigríður Hjálmarsdóttir~~.

~~Hulda Halldórsdóttir~~

Rögnvaldur Árnason.

Marteinn Steinsson

Ragnhildur Árnadóttir

Margrét Jóns...

Sigurlína Árnadóttir.

Helga Guðmu...

Sigríður Árnadóttir,

Ása Sigmarsd...

Kári Hermannsson

Rannveig Traust...

Jóna Sigrún Sveinsdóttir

Haraldur Þessason

Sigurjóna Jónsdóttir

Eggert Bergsson.

Hólmsteinn Sigurðsson

Björn Gunnlaugsson

Karl Bjarnason

Jónas J. Ósmann.

## Fundargerð

Ár 1930 mánudaginn 9. júní var haldinn aðalfundur ungmannafélagsins Vaka í þinghúsi Viðvíkurhrepps. Fundinn setti Björn Símonarson og nefndi til skrifara Pálu Björnsdóttur.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Ákveðið nafn félagsins með leynilegri kosningu. Komið hafði fram uppástunga um þrjú nöfn. Vaka, Sunna og Eining.
   Kosning féll þannig að með nafninu,
   Vaka greiddu 5 atkvæði
   Sunna —"— 2 —"— og
   Eining —"— 1 —"—
2. Rætt um tilgang, störf og stefnu félagsins.
   Eftir nokkrar umræður kom fram eftirfarandi tillaga.
   Fundurinn felur stjórn félagsins að útvega félaginu engi til slægna á þessu sumri og að ákveða einhvern dag til heyskapar fyrir félagið.
   Tillagan borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.

Við umræður komu fram áskir frá meðlimum félagsins um at lítið vári eftir og fengin umráð á blett til ræktunar og var stjórn félagsins falinn frekari undirbúningur.

3. Rætt um skemtiferð fyrir meðlimi félagsins og kosin framkvæmdarnefnd til at ákveða hvenar og hvert farið sé.

Kosningu hlutu:

Bjørn Símonarsen Una Jóhannesdóttir og Helga Jónsd.

4. Kosin stjórn og hlutu kosningu.

Bjørn Símonarsen Jóhannes Bjørnsson og Guttormur Bjørnsson og til vara Una Jóhannesdóttir

5. Kosnir endurskoðendur þau:

Erlingur Bjørnsson og Pála Bjørnsdóttir

6. Fundarstjóri til næsta fundar var kosinn Bjørn Símonarsen og til varafundarstjóra Una Jóhannesd.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Pála Bjørnsdóttir (skrifari)

Bjørn Símonarsen (fundarstjóri)

## Fundargerð

Ár 1931, sunnudaginn hinn 7. júní, var aðalfundur ungmennafélagsins „Vaka" settur og haldinn á fundarhúsinu að Lóni, samkvæmt birtu fundarboði.

Fundinn setti formaður félagsins Bjørn Símonarsen og nefndi til fundarritara Jóhannes Bjørnsson.

Á fundinum voru mættir 7 félagar.

Þetta gjörðist:

1. Lagðir fram reikningar félagsins endurskoðaðir og samþykktir án breytinga.
2. Rætt um framtíðarstarfsemi félagsins og þetta samþykkt:

a. Fundurinn ákveður, at til fjáröflunar félaginu, sé af félagsfólkinu heyjað í sumar, með svipuðu fyrirkomulagi og fyrra ár. – Sé þriggja manna nefnd kosin, til að hafa framkvæmd á hendi, í því efni.

Í heyvinnunefnd hlutu kosningu: Erlingur Bjørnsson, Pála Bjørnsdóttir, Soffía Jónsdóttir.

b. Skemtiferð sé ein farin á sumrinu og

til þess að hafa undirbúning og forgöngu til þeirrar farar voru kosin: Erlingur Björnsson Una Símonardóttir og Una Jóhannesdóttir.

3. Kosin stjórn og hlutu þessir kosningu. Una Símonardóttir með 6 atkv., Una Jóhannesd. með 5 atkv. og Erlingur Björnsson með 4 atkv. Varastjórn: Pála Björnsdóttir, Björn Bessason og Soffía Jónsdóttir.

4. Endurskoðendur fjelagsreikninganna voru kjörnir Jóhannes Björnsson og Margrjet Jóhannesdóttir. –

5. Fundarstjóri til næsta fundar var kosin Pála Björnsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir

Lesið upp og samþykkt. –

Björn Símonarson (fundarstj.) Jóhannes Björnsson. (skrifari)

Fundargerð.

Ár 1931, sunnudaginn hinn 5. júlí, hjelt ungmennafjelagið „Vaka" fund að þinghúsi Viðvíkurhrepps á Lóð, samkvæmt birtu fundarboði.

Fundinn setti Pála Björnsdóttir og nefndi til skrifara Unu Jóhannesdóttir.

Á fundinum voru mættir 9 fjelagar.

Þetta gjörðist:

1. Rætt um skemtiferð, er fjelagsmenn ákváðu á síðasta fundi að farin skyldi í sumar, og tekin ákvörðun um að fara fram í Skagafjörð, sunnudaginn hinn 26 júlí. Formanni fjelagsins og þeim er kosningu hlutu á síðasta fundi til undirbúnings ferðar þessarar falin frekari ákvörðun.

2. Tillaga kom fram um að kaupa grammafón til notkunar bæði á fundum og öðrum samkomum í fjelaginu. Meiri hluti fundarmanna var tillögunni hlyntur, samt ekki tekin nein ákvörðun. Tillögunni frestað til næsta fundar.

3. Fundarstjóri til næsta fundar var kosin. Ásgrímur Hartmannsson.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið

Pála Björnsdóttir
fundarstjóri

Una Jóhannesdóttir
(skrifari)

Fundargerð

Ár 1931 sunnudaginn ~~hinn~~ 2 ágúst hélt ungmennafélagið "Vaka" í Viðvíkurhreppi fund í þinghúsi hreppsins á Lek samkvæmt birtu fundarboði

Fundinn setti Una Jóhannesdóttir og nefndi til skrifara Pálu Björnsd.

Þetta gjörðist

1. Rettum og tekin fullnaðarákvörðun um hvenær sé heyjað fyrir félagið.
2. Tillaga borin fram um að skemtisamkoma sé haldin félaginu til fjáröflunar, og samþykt að halda hana sunnudaginn 9 ágúst
3. Ákveðið að kaupa grammafón og Unu Jóhannesdóttir falið að sjá um kaupin honum
4. Tillaga kom fram um að félagsmenn hjálpuðu þar sem veikindi væru á heimilum t.d. í heyskap o. fl. og jafnframt að félagsmenn heyjuðu fyrir Sigtrygg Jakobsson í Hofsstaðaseli sem hefur haft langvarandi heilsuleysi ~~að~~ að búa. Meiri hluti fundarmanna tillögunni samþykkir. ~~en~~ og stjórninni falið að ákveða hvenær heyjað skuli.
5. Fundarstjóri kosinn til næsta fundar Ásgrímur Hartmannsson og varafundarstjóri Soffía Jónsdóttir

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerðin lesin upp og samþykt

Fundi slitið

Una Jóhannesdóttir
(fundarstjóri)

Pála Björnsdóttir
(skrifari)

## Fundargerð.

Ár 1931 sunnudaginn 8 nóv. hélt ungmennafélagið „Vaka“ í Víðvíkurhrepp fund á fundarhúsinu að hak. samkvæmt birtu fundarboði: Fundinn setti Erlingur Björnsson og nefndi til skrifara Unu Símonardóttur. Á fundinum voru mættir átta félagar.

Þetta gjörðist:

1. Ákveðið að halda fundi annan hvern sunnud. í vetur er veður leyfir. Fundirnir skulu byrja kl. 10 f. h. og eiga þá allir fundar-menn að vera mættir á fyr nefndum stað.

2. Kosinn Björn Símonarson að koma með málefni á næsta fundi, einnig kosin Margrét Jóhannesd. að lesa upp kvæði eða sögu á sama fundi.

3. Fundarstjóri til næsta fundar kosinn Björn Bessason.

Fleira ekki tekið fyrir. Lesið upp og samþykkt.

Erlingur Björnsson (fundarstjóri)

Una Símonard. (skrifari)

# Fundargerð.

Ár 1932 laugard. 25. mars hélt ungmennafélagið
Vaka í Viðvíkurhreppi fund á þinghúsi hrepps[ins].
Fundinn setti Erlingur Björnsson nefndi fyrir skr[ifara]
Pálu Björnsdóttur.
Rætt voru bindindismál og samþ. sem hér segir:
Vér undir-ritaðir ungmennafélagar í Vöku í
Viðvíkurhreppi er telur um 20 fél. erum fylgj-
andir þess að stofnað verði samband er
byggja vilji stefnu sína á kristilegu og
bindindis-sinnuðum grundvelli sem lög U. S.
segja fyrir.
Erum við þess fylgjandir að við
grein félagslaga okkar verði bætt bind-
indisheiti.

Erlingur Björnsson (fundarstjóri)

Pála Björnsdóttir (skrifari)

Fundargerð.

Ár 1932 sunnud. 1 maí var haldin aðal-fundur ungmennafélagsins Vaka í Viðvíkur-hreppi á þinghúsi hreppsins.
Fundinn setti formaður félagsins Erlingur Björnsson og nefndi til skrifara Unu Símonard.

Á fundinum voru mættir 9 félagar.

Þetta gjörðist.

1. Kosinn maður að fara á Sambandsfund í Hofsós er haldin verður 8 maí næst komandi, kosningu hlaut Erlingur Björnss. með samhljóða atkvæðum.
2. Rætt um starfsemi félagsins.
a. Ákveðið að til fjáröflunar félaginu sé af félags-fólkinu heyjað í sumar með svipuðu fyrir-komu-lagi og fyr. Í heyvinnunefnd hlutu kosningu. Erlingur Björnsson, Herjólfur Sveinsson og Jónas Ósmann.
b. Ein skemtiferð sé farinn á sumrinu og til þess að hafa undir-búning til ferðarinnar, hlutu kosningu. Soffía Jónsdóttir, Pála Björnsdóttir og Margrét Jóhannesdóttir.
c. Tillaga kom fram á fundinum um að reyna að fá blett til ræktunar og stjórninni falið frekari framkvæmdir í því efni.
3. Gjaldkeri ekki mættur, reikningarnir því ekki lagðir fram nú.
4. Kosin stjórn og hlutu þessir kosningu. Una Jóhannesd. með 8 atk., Jónas Ósmann með 2 atk. og Erlingur Björnsson með 5 atk. Varastjórn Pála Björnsdóttir Herjólfur Sveinsson og Una Símonard.
5. Endur-skoðendur félagsreikninganna þeir sömu og fyrra ár.
6. Fundarstjóri til næsta fundar var kosin. Jónas Ósmann.

Fleira ekki tekið fyrir.

Lesið upp og samþykt.

Erlingur Björnsson (fundarstjóri) Una Símonard. (skrifari)

Ár 1932 sunnudaginn 29 maí hélt ungmennafélagið „Vaka" í Víðvíkurhreppi fund á þinghúsi hreppsins að Lak samkvæmt birtu fundarboði
Fundinn setti Jónas Ósmann og nefndi til skrifara Pálu Björnsdóttir
Á fundinum voru mættir 17 félagar
Þetta gerðist
1 Ákveðið að haldin sé skemtisamkoma 4 júní til fjáröflunar félaginu og félagsmenn taki sameiginlegan þátt í undirbúning samkomunnar
2. Rætt um að skemtiferð skuli farin út í Fljót laugardaginn 2. júlí og voru félagsmenn því allir samþykkir.
3. Lagðir fram reikningar félagsins endurskoðaðir og samþyktir án breytinga

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerðin lesin upp
og samþykt
Fundi slitið
Pála Björnsdóttir
(skrifari)
Jónas Ósmann.
(fundarstjóri)

Fundargerð.
Ár 1933. sunnudag 15. janúar, var haldinn fundur í ungmennafélaginu "Vaka" í Víðvíkurhreppi, á þinghúsi hreppsins að Lak.
Fundinn setti formaður félagsins, Jónas Ósmann og nefndi til skrifara Helgu Jónsdóttir.
Á fundinum voru mættir 14 félagar.
Magnús Gunnlögsson, Hofsstaðaseli, kom með málefni, á fundinn: "Hverjar skemtanir kjóst þú helst" Taldi hann upp margar skemtanir, og lét í ljósi álit sitt á þeim, var aðrir um dansi, en taldi bestar skemtanir að horfa á sjónleyk og ~~dans~~ kvikmyndir. Sömuleiðis að lesa bækur.
Jónas Ósmann: taldi dansinn bera glæsilegastan sigur af hólmi, í samkepni við aðrar skemtanir og taldi vara á að sjóast. og kvikmyndir sem göfgandi. Söng ~~fa~~ taldi hann besta skemtun fyrir sig. Ferðalög fróðleg og skemtileg.
Pála Björnsdóttir: Var fundarstj. sampykk að söng tæki hún fram yfir alt. Dans tók hún næst
Herjólfur Sveinsson: besta skemtun fyrir sig taldi hann að horfa á sjónleyki og íþróttir.
Dans tók hann næst.

Helga Jónsdóttir: Dansbók hún fram yfir aðrar skemtanir; næst söng og lestur góðra bóka.
Sverrir Björnsson: Taldi bestu skemtun að fara skemtiferðir á góðum hestum að sumrinu, og að fá hossa í íþróttir.
Magnús Gunnlaugsson:
Las upp skammagrein um dansinn; kallaði hann „höfuðsótt mannkynsins" og „dyggasta þjón gjálífisins"; fólkið snérist innsog höfuðsóttar kindur og að endingu „breiddi nóttin sína biksvörtu vængi yfir siðferðið".
Sverrir Björnsson: Andmælti greininni: Taldi fór dans óhollan sökum loftleysis.
Hólmfr. Sveinsd.
Taldi besta skemtun ferðalög á góðum hestum næst tók hún dans.
Herjólfur Sveinss.
Mótmælti greininni, taldi hana andstyggilega, fanst dans og höfuðsótt ekkert líkt.
Hólmfr. Jónsd. Best skemtun að útreiðum, sömuleiðis að hlusta á söng, og líka sér á skautum.
Guðm. Arason: Best skemtun að ferðalögum á bæði bíl og hestum. Þekti ekki dans.
Að endingu urðu umræður um greinina milli M. G. Jónasar Ósmann og Herjólfs Sveinss.
Málið tekið út af dagskrá. Fleyra ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykt
Fundi slitið.

Helga Jónsdóttir
(Skrifari)

Jónas Ósmann.
(fundarstjóri)

# Fundargerð

Ár 1933 sunnudaginn 29 jan hélt U. M. F. „Vaka" fund að þinghúsi Viðvíkurhrepps á Lák
Fundinn setti Herjólfur Sveinsson, og nefndi til skrifara Magnús Gunnlaugsson
Þetta gjördist
1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar af Helgu Jónsdóttir samþykt án athugasemda
2. Hvernig eigum við að efla starfsemi U. M. F. framsögumaður Sverrir Björnsson. Fylgdi hann málinu úr garði með all ýtarlegri ræðu um hver nauðsyn væri fyrir félagið að taka fyrir ýms athafna mál til framkvæmda svo sem knattspyrnu, blaðaútgáfu, leiksýningar og aukin fundarhöld og fjölbreyttara en verið hefði o. s. frv
Um málið urðu nokkrar umræður á við og dreif og létils háttar

deilur. Eftir nokkrar umræður var samþykt eftirfarandi tillögur
1. Að taka knattspirnu inn á starfsemi félagsins
2. Gefa út blað
3. Að æfa söng
Um málið og tilögurnar töluðu þessir.
framsögumaður 5.
Jónas Ósmann 4.
Herjólfur Sveinsson 2.
Helga Jónsdóttir 1.
Björn Guðbrandsson 1.
Magnús Gunnlaugsson 2.
Málið tekið út af dagsskrá.
4. Formaður mintist á að senn væri félagið 3gja ára og taldi æskilegt að þess yrði minst eftir föngum.
Málið lítið rætt en frestað til næsta fundar
Fundargerðin lesin upp og samþykt
Fundi slitið
Herjólfur Sveinsson Magnús Gunnlaugsson (fundarstjóri)
(skrifari)

Ár 1933 laugardaginn 18 febrúar hélt U. M. F. „Vaka“ fund á fundarhúsi hreppsins að Læk.

Fundinum stýrði Sverrir Björnsson og nefndi til skrifara Björn Guðbrandsson. Á fundinum voru mættir um 20 félagar og nokkrir aðrir.
Á síðasta fundi hafði verið talað um að minnast 3gja ára afmælis félagsins. og var þessi fundur einskonar undirbúnings fundur undir slíkan afmælisfagnað.
Eftir all miklar umræður um málið. bar Jónas Ósmann fram svo hljóðandi tillögu.
Fundurinn telur rétt að félagið beri allann kosnað afmælisins.
Tillagan samþykt í einu hljóði. Þá var samþykt að bjóða flestu ungu fólki í hreppnum en ekki utanhrepps. Þó var veitt undanþága með það að ef félagar hefðu gesti um þetta leiti og yrðu þeirra vegna að vera heima mættu þeir hafa þá með sér á samkomu þessa.
Þar næst var kosið í nefndir og áttu þær að annast það sem hér segir.
1. Hreinlætisnefnd: átti hún að sjá um hreingjörningu á húsinu vatnsburð og fl. í hana voru kosin Hólmfríður Jónsdóttir Eggert Skarphéðinsson Ívar Antonsson og Stefán Jónsson.
2. Veitinganefnd. átti hún að sjá um alt sem að veitingum laut nema inkaupin. í hana hlutu kosningu

Hólmfríður Sveinsdóttir Pála Björnsdóttir Una Símonardóttir
Herjólfur Sveinsson
3 Skemtinefnd: Átti hún að taka á móti gestunum og skemta þeim eftir föngum. Kosningu hlutu Helga Jónsdóttir Jónas Ósmann og Magnús Gunnlaugsson. Þá var samþykt að fela Jónasi Ósmann aðannast innkaup á veitingaefni

Fleira ekki tekið fyrir.

Sveinn Björnsson (fundarstjóri)
Björn Guðbrandsson (skrifari)

Ár 1933 18 júní var aðalfundur haldinn í U.M.F. „Vöku" í Viðvíkurhreppi á fundarhúsi hreppsins að Læk samkvæmt áður birtu fundarboði.

Fundinn setti formaður félagsins Erlingur Björnsson og nefndi til skrifara Pálu Björnsdóttir

Á fundinum voru mættir 17 félagar

Þetta gjördist

1 Lagðir fram reikningar félagsins endurskoðaðir og samþyktir án breytinga.

2. Fundurinn ákveður, að til fjáröflunar félaginu, sé af félagsfólkinu heyjað í sumar, með svipuðu fyrirkomulagi og hefur verið, sé stjórninni falið að hafa framkvæmd á hendi í því efni.

3 Rætt um að tilhlíðilegt sé að fara eina skemtiferð í sumar og eftir nokkrar umræður kom fram tillaga frá Herjólfi Sveinssyni um að fara út í Þórðarhöfða, og var það samþykt, og ákveðið að ferið skyldi sunnudaginn 25 júní

4. Kosið í stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu Herjólfur Sveinsson með 8 atkv. Erlingur Björnsson 9 atkv og Pála Björnsdóttir með 10 atkv. og varastjórn Una Símonard. Björn Guðbrandsson og Stefán Jónsson

5. Kosnir endurskoðendur Hólmfríður Sveinsdóttir og Soffía Jónsdóttir. Fleira ekki tekið fyrir

(fundarstjóri) Erlingur Björnsson (skrifari) Pála Björnsdóttir

Ár 1933 10 september var haldinn U. M. F fundur á fundarhúsi hreppsins að Læk
Fundinum stjórnaði Erlingur Björnsson formaður og nefndi til skrifara Pála Björnsdóttir
Á fundinum voru mættir 10 félagar
Þetta gerðist

Formaður gerði þá fyrirspurn til félagsmanna á fundinum hvort þeir vildu fara skemtiferð austur í Vaglaskóg á komandi vori. Taldi hann það æskilegt þar sem ferðasaga félagsins væri jafn stutt og efnis lítil, og mundu félagsmenn hafa bæði ánægju og fróðleik af slíkum ferðum, enn fremur sagði hann að félagið geti haldið 1 eða 2 samkomur til styrktar þessar farar. Dálitlar umræður urðu um þetta, og voru fundarmenn tillögunni hlyntir en málinu frestað til næsta fundar
Kosin var 5 manna nefnd og átti hún að sjá um undirbúning undir þessa skemtun sem halda átti til styrktar fararinnar. Sömuleiðis var samþykt að leika einhvern smáleik á þessari skemtun
Kosningu í þessa nefnd hlutu
Erlingur Björnsson Pála Björnsdóttir Herjólfur Sveinsson Hólmfríður Sveinsdóttir og Margrét Bessadóttir formaður nefndarinnar
Fleira ekki rætt

Pála Björnsdóttir (skrifari) Erlingur Björnsson (fundarstjóri)

Ár 1933 28 október var fundur haldin hjá U. M. F Vaka á fundarhúsi hreppsins að Læk.
Fundin setti Hólmfríður Sveinsdóttir nefndi til skrifara Hólmfríði Jónsdóttir. Á fundinum voru mættir 14 félagar.
Þetta gjörðist.

Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
Á fundinum var rætt um skemtun fyrir félagið.
Pála Björnsdóttir vildi að haldin yrði skemtun fyrir jól og jafn framt leikin einhver smáleikur.
Formað Erlingur Björnsson hann vill að skemtinefnd sem kosin var á síðasta fundi komi saman þriðja sunnudag hér eftir á Lækjarhúsi k.l. 12 á hádegi til að ræða um þessa skemtun.

Hólmfríður Jónsdóttir. (skrifari) Hólmfríður Sveinsdóttir (fundarstjóri)

Ár 1933 17/12 Hélt U.M.F fund á fundarhúsi hreppsins að Læk

Fundinn setti Erlingur Björnsson og nefndi til skrifara Pálu Björnsdóttir

13 félagar mættir

þetta gerðist

1 Formaður lasupp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykt

2. Rætt um skemtun fyrir félagið, málið rætt á við og dreif, var ákveðið að fresta málinu til næsta fundar

3. Tillaga kom framm um hvort félagið vildi skemta sér innbirðis um jólin. Flutnings menn. Erlingur Björnsson. Herjólfur Sveinsson Ákveðið var að hafa jólatré, og að hver komi með veitingar með sér, og jafnframt að boðið skuli börnum og unglingum hreppsins á þessa skemtun, var tillagan samþykt í einu hljóði

4. Kosin nefnd til að sjá um undirbúning að þessari skemtun

Fleira ekki tekið fyrir

Pála Björnsdóttir (skrifari)

Erlingur Björnsson
(fundarstjóri)

## Fundargerð.

Ár 1935 sunnudaginn 30 júní var haldinn aðalfundur ungmennafélagsins "Vaka" á þinghúsi Víðvíkurhrepps að Hóli.

Fundinn setti formaður félagsins Margrét Bessadóttir og nefndi til skrifara Unu Símonard.

Mættir voru 14 félagar.

Af ýmsum ástæðum er meiri hluti af mættu félagsfólki mikið tíma bundið þennan dag verða því fá málefni tekin til umræðu að þessu sinni.

Þetta gjörðist:

1. Reikningar félagsins lagðir fram að nokkru leyti, þó ekki nógu greinileg.
2. Kosin stjórn og hlutu kosningu
   Herjólfur Sveinsson með 8 atkv.
   Stefán Jónsson - - 7 - - og
   Gunnar Þórðarson - - 7 - -.
3. Borin fram tillaga um hvort félagið ætti ekki nú á næsta ári að kaupa blett til ræktunar eða kaupa upp matjurtagarði, um það voru nokkuð skiftar skoðanir hvort betra væri fyrir félagið, svo að þessu sinni verður ekki tekin ákvörðun í því máli.
4. Tillaga kom um hvort ekki væri best fyrir félagið að eiga sinn litla sjóð þar til hann væri orðinn svo mikill að það gæti byggt sér hús, þótt ganga mætti út frá að félagið yrði að taka lán þar er sjóðurinn ekki svo langt í land með að verða nægilega mikill fyrir húsbygginguna.
   Þetta litið vel síðar tekið til umræðu.
5. Ákveðið að heyja ~~hy~~ af félagsfólki, félaginu til fjáröflunar, var núverandi stjórn falið að sjá um það.
6. Að síðustu var ákveðið að félagsfólk færi skemmtiferð yfir að Geitabergi í Hegranesi. Því þaðan væri svo yndælt útsýni og svo mikið

ber, bara fara í kjörtu og gáfu vedni sagði fálki og það nánum nið að talist.

Fleira ekki tekið fyrir.
Lesið upp og samþykt.

Margrét Bessadóttir (fundarstjóri)
Anna Sigmarsd. skrifari

Fundargerð.

Ár 1936 sunnudaginn 8 desinber hélt ungmenna-félagið "Vaka" í Viðvíkurhreppi fund á þinghúsi hreppsins að Laufk.
Fundinn setti Ragnar Björnsson og nemdi til skrifara Hólmfríði Sveinsdóttir.
Á fundinum voru mættir 10 félagar.

Þetta gjördist.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
Borið fram málefni af Jónasi Ósmann
Hvaða farartæki þykir ykkur skemtilegast?
Málefnit fékk allgóðar undirtektir.
Framsögumaður taldi upp mörg farartæki svo sem: skip, bíla, flugvélar, hesta, skíði, skauta, sleða og einig mannbrodda og taldi þá hafa bjargað sér úr miklum lífshásku.
Hann ræddi málið dálítið. og taldi bílunn til gyldis hvað þeir væru þægilegir til allra ferða. og sömuleiðis skipin. flugvél hefði hann aldrei ferðast með. en skemtilegastur þotti honum hesturinn.
2. Til máls tók fundarstjóri Ragnar Björnsson

var hann síðasta ræðumanni sammála að mörguleiti, með að hestarnir þætti sér skemtilegastir þar næst skaudar.
3 Herjólfur Sveinsson taldi hestinn skemtilegastan af þeim farartækjum sem hann hefði ferðast, það er að segja ef hann væri góður því vitanlega ættu hestar ekki saman nema að nafninu eins og allir vissu eta sömuleiðis taldi hann skíðin mjög skemtileg og ómissandi í fannmiklum plássum.
4. Stefan Jónsson var síðasta ræðumanni sammála.
5. Margrét Bessadóttir taldi bílinn skemtilegastan að ferðast með og taldi þeim margt til ágætis og þar með að þeir væru þó aldrei latir eins og margir hverjir hestar.
6. Una Símonardóttir var sítasta ræðumanni sammála með að bílarnir þættu sér skemtilegastir og mjög þægilegir sérstaklega ef um væri að ræða langa ferð.
7. Fundarstjóri kom með tillögu um hvort ekki ætti að hafa skemtun fyrir félagið á milli jóla og nýárs. og var kosin fimm manna nefnd sem átti að sjá um frekari framkvæmdir í því máli.
Fundarstjóri til næsta fundar var kosin Stefán Jónsson.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundið slitið

(Hólmfríður Sveinsdóttir) (skrifari)

(Ragnar Björnsson) (fundarstjóri)

# Fundargerð

Ár 1935 sunnudaginn 10 nóvember hélt ungmenna-félagið „Valka“ í Viðvíkurhreppi fund á þinghúsi hreppsins að Læk.
Fundinn setti Herjólfur Sveinsson og nefndi til skrifara Jónas Osmann.
Á fundinum voru mættir 10 félagar.

## Þetta-gjörðist

1. Lesinn upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt
2. Borið fram málefni af Herjólfi Sveinssyni.
„Hvernig er hagkvæmast að afla félaginu tekna.“
Framsögumaður benti á í ræðu sinni ýmsar leiðir er hann áleit nauðsynlegar starfsemi félagsins svo sem ~~mat~~ matjurtagarð eða eð túnblett taldi hann hvortvegga vel til fallið fyrir félagið en hallaði sér þó frekar að matjurtagarði.
Nokkrar umræður er urðu um málefnið og voru ræðumenn yfirleitt framsögumanni sammála en brugðu þó sumir nokkuð frá aðal málefninu. en öllum kom þó saman um að nauðsynlegt væri fyrir félagið að koma upp matjurtagarði en þó var enginn ákvörðun tekinn í því máli að sinni.
Þá kom uppástunga á fundinum hvort ekki mundi vera hepplegt fyrir félagið að hafa mál-fundi til að æfa félagana við að tala og skildu þau málefni vera svo létt sem hægt væri svo að sem auðveldast væri að ræða þau.
Allir voru því sammála.
Fundarstjóri til næsta fundar kosinn Ragnar Björnsson og til að koma með málefni Jónas Osmann.

fundi slitið

Herjólfur Sveinsson
(fundarstjóri)

(Jónas Osmann)
skrifari

# Fundargerð.

Ár 1936 sunnud. 2 febr. hélt ungmennafélagið „Bakra" í Viðvíkurhreppi fund á þinghúsi hreppsins að Hóli. Fundinn setti Stefán Jónsson nefndi til skrifara Sigrúnu Jónsdóttir

Mættir voru 17 félagar.

Þetta gjörðist

1. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykt
2. Una Símonard. kom með málefni. Hvaða starf kjósið þið ykkur helst? Kvaðst hún helst hefða kosið að stunda hjúkrunarstörf ef um víst starf hefði verið að ræða. Gjörði hún ráð fyrir að meiri hluti af hér mættu fundarfólki hefði vissa starfs löngun og því ætti að vera auðvelt að ræða þetta mál. Herjólfur Sveinsson kvaðst fyrir sitt leyti ekki geta rætt þetta mál og bjóst við að svo yrði með

fleiri er hér vanir staddir. þar
sem um svo marga unglinga
væri að gjöra og þeir eðlilega
óákveðnir með hvað þeir vildu
starfa.
Ragnar Björnsson kvaðst sér helst að
hafa það vissa starf að vera bílstjóri
hann kvaðst gjöra ráð fyrir að það
starf væri skemtilegt og einnig
oftast nóg atvinna við það. en
annars þætti sér nú ekkert
eins skemtilegt og leika á
Harmoniku.
Hólmfr. Sveinsdóttir sagðist ekki geta
rætt þetta mál. því í einu
orði sagt þætti sér nú best að
starfa að þessu í dag og hinu
á morgun.
Málefnið þótti ekki vel valið
til umræðu og tóku því ekki
fleiri til máls.
Fundarstjóri fyrir næsta fund
var kosin Margrét Bessadóttir
og koma með málefni Sigrún Jónsd.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerðin lesin upp og samþykt.
Fundi slitið

Stefán Jónsson (fundarstjóri)

Sigrún Jónsdóttir (skrifari)

## Fundargerð.

Ár 1936 laugardaginn 4 apríl hélt ungmennafélagið „Vaka“ í Villingaholtshreppi fund í þinghúsi hreppsins.
Fundinn setti Margrét Bessadóttir nefndi til skrifara Unu Símonard.
Mættir voru 10 félagar og nokkrir aðrir.
Þetta gjörðist.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fund- og samþykkt.
2. Sigríður Jónsdóttir kom með málefni Hvort viljið þið heldur vera í sveit eða kaupstað?

Hún kvaðst heldur vilja vera í kaupstað og sérstaklega taldi hún það fram hvað fólki er þar nærri ekki betra með að menta sig. þar sem það getur vitanlega ekki dvalið heima og haft fæði og húsnæði fyrir lítið gjald, þótt það væri í skóla. en við úr sveit- inni yrðum að kaupa það af

við öllum að sækja mentun í kaupstað einnig taldi hún betra að njóta skemtana og yfir leitt margra þæginda.
Ragnar Bjarnason telur sveitalífið miklu skemtilegt og talaði mest um at- vinnu líf í sveitum og kaupstöðum. taldi hann ekki líjanlegt nú sem stæði að dvelja í kaupstað þar er um svo litla atvinnu nema að gjöra en sveitin hefði alltaf nóg starf að bjóða.
Herjólfur Sveinsson segir að sveitin sé svo frjálsleg, loftslagið svo heilnæmt útsýnið svo mikið en þetta allt vanti kaupstaðina svo til fullkom- lega. Mentun telur hann að sveitafólk geti veitt sér alveg eins og kaupstaðafólk, einnig skemtanir hafi það aðeins nóga löngun til þess
Hinir tóku ekki til máls en hér er aðeins tekið stutt ágrip af þeim umræðum er urðu um málefnið.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Margrét Bessadóttir.
(fundarstjóri)

Anna Símonard.
(skrifari)

# Fundargerð.

Ár 1936 sunnudaginn 3 maí var aðalfundur ungmennafélagsins „Vaka" í Viðvíkurhreppi settur og haldinn á þinghúsi hreppsins að Hóli, samkvæmt áður birtu fundarboði.

Fundinn setti formaður félagsins Herjólfur Sveinsson nefndi til skrifara Önnu Símonardóttur.

Mættir voru 17 félagar.

Þetta gjörðist:

1. Lagðir fram reikningar félagsins og samþykktir án breytinga.
2. Kosnir endurskoðendur reikninganna þær Margrét Bessadóttir og Hólmfr. Sveinsdóttir
3. Formaður félagsins talaði um starfsemi þess og hvað félags-fólk vildi nú á þessu vori fullgjöra áður nefndan matjurtagarð eða undir búa hann að nokkru leyti fyrir næsta vor.

Eftir nokkrar umræður í málinu

kom svo hljóðandi tillaga frá
Ragnari Jóhannessyni.
Fundurinn samþykkir að koma upp
kartöflugarði og telur æskilegt að full-
gjöra hann á þessu vori til sáðningar.
Tillagan samþykt með 12. gegn 5.
atkvæðum.

4. Kosin þriggja manna nefnd til að
sjá um framkvæmdir í málinu
og hlutu kosningu, Ragnar Jóhannesson,
Herjólfur Sveinsson og Stefán Jónsson

5. Svo hljóðandi tillaga frá Ragnari Jóhannessyni
Fundurinn samþykkir að breyta 3. grein
í lögum félagsins sem fjallar um
árstillög meðlima félagsins.
þannig: að í stað Kr. 1,50 komi
Kr. 3,00 í árstillög, fyrir félagsmenn
sem eru 18 ára og eldri. Kr. 2,00
frá 14 ára til 18. og 0,50 fyrir ófermda
unglinga.
Eftir nokkrar umræður kom svo hljóð-
andi breytinga tillaga frá
Margrjeti Bessadóttur og Hólmfríði Sveinsdóttur
Viðvíkjandi 3 grein laga ungmennafél.
„Vaka" komum við með tillögu að
breyta árstillögum, úr Kr. 1,50 upp í
Kr. 2,00 fyrir stúlkur Kr. 3,00 fyrir pilta
og Kr. 0,25 fyrir börn.
Tillaga þessi samþykt með meiri
hluta atkvæða.

6. Kosin stjórn og hlutu þessir
kosningu. Ragnar Jóhannesson með 16 atk.
Herjólfur Sveinsson með 12 atk. Gunnar Þórðarson
með 8 atk. og til vara.
Hólmfríður Sveinsdóttir og Stefán Jónsson.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerðin lesin upp og samþykt
Fundi slitið

(Anna Símonard.
Skrifari)

## Fundargerð.

Ár 1936 8. október, hélt ungmennafélagið „Vaka" í Víðvíkurhreppi, fund að þinghúsi hreppsins að Lak. Fundinn setti formaður félagsins, Ragnar Jóhannesson og nefndi til skrifara: Margréti Bessadóttur.

Mættir voru 6 félagar.

Þetta gjörðist:

1. Með hve löngu millibili fundir yrðu haldnir á komandi vetri. Formaður kom með þá tillögu, að fundir yrðu haldnir þriðjahvern sunnudag, og var sú tillaga samþykkt, í einu hljóði.
2. Hvort ekki væri rétt að félagið gæfi út blað. Var formaður því hlyntur, fannst honum rétt að blaðið kæmi út þriðjahvern sunnudag og yrði þá lesið upp á fundunum. Kvað hann að fólk myndi ef til vill frekar vilja skrifa um sín áhugamál þannig, heldur en tala um þau á fundunum.

Þá tók Jónas Ósmann til máls, og fannst honum að fólk ætti ekki að sitja hjá og þegja, þegar því væri gefinn kostur á að tala, því fáeinir hér myndu vera of vel máli farnir. Honum fannst rétt að gefið yrði út blað, en vildi þó fresta því til næsta fundar, að ákveða um það. Var tillagan borin undir atkvæði, og var meiri hluti fundarmanna með henni og var því ákveðið að blaðið skyldi koma út á næsta fundi. Tók formaður félagsins að sér útgáfu blaðsins, að þessu sinni, og nefndi með sér til þess: Jónas Ósmann, Sigtrygg Pálsson, Margréti Ólafsdóttur og Margréti Bessadóttur. Kosinn var til að koma með málefni á næsta fund Ragnar Jóhannesson. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Bessadóttir
(skrifari)

# Fundargerð.

Ár 1937 6. janúar, hélt ungmennafélagið "Vaka" í Víðvíkurhreppi fund að þinghúsi hreppsins að Lak. Kosinn fundarstjóri Stefán Jónsson, setti hann fundinn, og nefndi til skrifara Margréti Bessadóttur.

Mættir voru 9 félagar.

Þetta gjörðist:

1 Lesnar voru upp fundargerðir tveggja síðustu funda, og samþykktar.

2. Ragnar Jóhannesson kom með málefni: Hversvegna fólk vildi ekki tala á fundum? Var málið rætt töluvert, og komu félögum saman um að það væri yfirleitt af feimni og kjarkleysi. Svo líka það, að þegar fólk væri einu sinni sest í þessar vissu skorður, þá væri ekki svo létt að róta sér úr þeim, fyr en nauðsyn krefði. Var málið þar með útrætt.

3. Tillaga kom fram um hvort ekki myndi æskilegt að kosnir yrðu tveir af félögum til að lesa upp á næsta fundi, sögur eða kvæði, og það yrði svo alltaf oft framvegis, að kosnir yrðu tveir af félögum, til að lesa upp, fólki til skemmtunar og tilbreytingar. Var tillaga þessi samþykkt af öllum fundarmönnum.

4. Rætt um að halda skemmtisamkomu, var hún ákveðin 16. janúar. Kosin skemmtinefnd, og hlutu þessi kosningu: Ragnar Jóhannesson, Jónas Ásmann, Stefán Jónsson, Una Símonardóttir, Margrét Bessadóttir. Kosin til að sjá um útgáfu blaðsins fyrir næsta fund: Una Símonardóttir, formaður nefndarinnar, Ragnar Jóhannesson, Stefán Jónsson, Gísli Bessason. Kosnir til að koma með málefni á næsta fund: Jónas Ásmann, Ragnar Jóhannesson. Kosnir til að lesa upp á næsta fundi: Jónas Ásmann, Ragnar Jóhannesson. Kosinn fundarstjóri til næsta fundar Gísli Bessason.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Bessadóttir
(Skrifari.)

# Fundargerð

Ár 1937. 31. januar. hélt ungmennafélagið „Vaka" í Viðvíkurhreppi fund á þinghúsi hreppsins að Lak. fundinn setti Gísli Bessason og nefndi til skrifara Jónas Osmann.

Á fundinum voru mættir 13. félagar.

Þett gjördist.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið upp blað ungmennafélagsins og hlaut góðar undirtektir.
3. Jónas Osmann kom með málefni á fundinum og var það á þessa leið. Hver árstíðin er skemtilegust! Framsögumaður hélt stutta ræðu en tók samt þá ákvörðun í málefninu að honum þætti veturinn skemtilegasti tími ársins það er að segja ef hann hefði nóganan forða fyrir þær skepnur sem hann þirfti að sjá um. og taldi mjög skemtilegt að fara á samkomur t.d. böll í góðu færi að vetrinum.

Ragnar Jóhannesson (formaður) þakkaði Jónasi fyrir ræðuna en kvaðst þó ekki mundi vilja liggja í sömu sæng og hann það sem málefnið snerti. Hvað ræðumaður vorið skemtilegasta tíma ársins og lýsti hann fegurð vorsins í allýtarlegri ræðu.

Sigrún Jónsdóttir. kvaðst alveg vera sammála síðasta ræðumanni með það að vorið væri þætti sér skemtilegasti tíminn í árinu. og talaði hún á þessa leið að sér þætti ólíkt skemtilegra að vakna í sólbjörtum vormorgni eða í stórhríð að vetrinum. Líkti hún fegurð vorsins við æskuna og framfarirnar. en vetrinum við hrörlegt gamalmenni.

Margrét Bessadóttir taldi sumarið skemtilegast. og heyvinnuna þar af leiðandi það skemtilegesta starf sem hún vinni. einnig taldi hún sumarið mjög vel til fallið að fara þá í skemtiferðir.

Hólmfríður Jónsdóttir kvað sér þikja skemtilegust hver árstíð sem væri að lita.

Veturinn taldi hún mjög ánægulegann og þá gamann að fara á böll og dansa, sérstaklega þó þá sem dönsuðu vel og sér þætti gaman að dansa við, Sömuleiðis taldi hún haustinu það til gildis að þá hefði maður alltaf nóg af heitu slátri og lifrapilsu sem að flestum mundi þikja gott. annars kvaðst hún búgast við að flestum mundi þikja vorið skemtilegast.

Una Símonardóttir. kvaðst ekki geta sagt um hver árstíðin sér þætti skemtilegust því að sér væri nákvæmlaga sama hvað hún inni. hvort

heldur það væri við heyvinnu bæjarverk eða vorverk. enn taldi þó vorið fegurðsta tíma ársins.
Ýfar Antonsson kvaðst ekki hafa mikið að segja en sagði að vorið þætti sér skemtilegast af árinu,
Gardar Björnsson taldi haustið skemtilegasta tíma ársins þegar hann hefði heyjað vel að sumrinu áður þá þætti sér gaman að líta yfir það sem hann hefði aflað yfir sumarið og þá gæti hann óhræddur tekið á móti vetrinum með sinni breytilegu veðráttu.
Guðjón Jónsson taldi (~~haust~~) veturinn skemtilegan. því hann sagði að sér þætti mjög gaman að leika sér skautum og skíðum. en sagðist ekki vera Garðari sammála.
Málefnið ekk rætt freka og tekið út af dagskrá.
4. Húsbyggingarmál. framsögumaður. Ragnar Jóhannesson (formaður). Hélt hann langa og snjalla ræðu þar sem hann brýndi rækilega fyrir fundarmönnum þá miklu þörf sem þessi sveit hefði á því að eignast gott og fullkomið samkomuhús. og var þess mjög þýsan að ungmennafélagar færu að snúa sér að þessu sem fyrst.
Málefnið hlaut góðar viðtökur en var lítið rætt og enginn ákvörðun tekinn í því að sinni.
5 Kosnar til að koma með málefni á næsta fundi

Sigrún Jónsdóttir og Una Símonardóttir
Kosnir til að sjá um útgáfu blaðsins á næsta fundi Jónas Ósmann Guðjón Jónsson og Hólmfríður Jónsdóttir og Sigrún Jónsd.
Kosinn fundarstjóri til næsta fundi Pétur Ólafsson
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

## Fundargjörð

Ár 1939. Sunnudaginn þann 17 júlí var haldinn aðalfundur í U.M.F. „Vaka" í þinghúsi Vitsikur. hrepps að Læk. Fundinn setti formaður félagsins Ragnar Jóhannesson. Á fundinum voru mættir sautján félagar

Þetta gerðist

1. Sjö nýir félagar báðust inntöku og bauð formaður þá velkomna

2. Formaður skýrði frá að ekki væri hægt að leggja fram reikninga félagsins vegna fjarveru gjaldkera

3. Lesin lög félagsins
Margrét Jósefsdóttir kom með athugasemd á 9 grein laga sem fjallar um bindindismál. Taldi hún rétt að bindindisgrein yrði stofnuð innan félagsins, eða að öðrum kosti að fella hana burtu

4. Formaður taldi æskilegt að þeir sem mættir voru létu í ljósi álit sitt um ~~árstillög~~ breytingu á árstillögum árið 1936 Sverrir Björnsson taldi ekki rétt að hækka árstillög frá því sem hefði verið, og átti að hafa það fyrir aðalskjólind félagsins taldi hann réttara að afla félaginu tekna á einhvern annan hátt.
Fundarstjóri bar upp undir atkvæði hvorir væru með því að árstillög væru óbreytt frá árinu 1936 var það samþykkt með 12 atkvæðum gegn 3.

5. Lögin borin upp undir atkvæði og samþykkt

6. Kosin stjórn félagsins, þessir hlutu kosningu

Herjólfur Sveinsson með 12 atkv.
Rögnvaldur Arnason – 11 –
Sverrir Björnsson – 7 –

Varastjórn
Margrét Jósefsdóttir
Margrét Bessadóttir
Gísli Bessason

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Herjólfur Sveinsson
(skrifari)

Fundargjörð

Sunnudaginn 9/4 '39 var settur og haldinn fundur í U. M. F. „Vaka" í Viðvíkurhrepp, á þinghúsi hreppsins að Sak

Fundarstjóri var Ragnar Johannesson og nefndi hann til skrifara Sverri Björnsson

Dagskrá fundarins var:

1. Lesin fundargjörð síðasta fundar og samþ.
2. Lesið félagsblaðið „Þröstur"
3. Rætt um undirbúning fyrir sameiginlega samkomu fl.m. Ragnar Johannesson

Taldi hann nauðsynlegt að halda samkomu í vor til að afla félaginu tekna, og minntist í því sambandi á 4 lúkort er hann hafði keypt fyrir félagið. Næstur tók til máls Sigurmon Hartmannsson og minntist á möguleika fyrir sameiningu S. fél. og U. M. F. og lagði kapp á að samkoma yrði sameiginleg fyrir bæði félögin. R. J. lýsti sig andv. því en stakk uppá ef samkoman yrði sameiginl. fyrir bæði félögin þá yrði ágóða skipt þannig að U. M. F. fengi 3/5 en S. fél. 2/5 hluta þar sem U. M. F. mynd hafa meira fyrir undirbúningi samkomunnar.

Herjólfur kvaðst vita að U. M. F. tapaði á sameiningunni en þó segðist hann ekki mundi leggja á móti því ef það gæti orðið til þess að meiri samvinna kæmi á milli eldra og yngra fólksins.

Þá las S. H. upp svohljóðandi tillögu

Ákveðið er að U. M. F. og S. fél. efni til sameiginl. samkomu á komandi vori. Leggi S. fél. til veitingarnar en U. M. F. sjái um samkomuna að öðru leyti. Hafi S. fél. starfskrafta ungmennaf. er því skilt að skila að því að þeir sem lagðir fram. Spilara se goldið af óskiptu fé ~~félagsmanna~~ Tillagan var samþykkt mótatkvæðal.

Þá var kosin skemtinefnd og kosningu hlutu: Sigríður Árnadóttir, Jónas Ellemann, Gísli Bessason, Herjólfur Sveinsson

Sverrir Björnsson

Málið tekið útaf dagskrá.

4. Að endingu las S. H. upp svohljóðandi tillögu. Þar sem nauðsyn virðist bera til þess að stofnaður verði sérstakur húsbyggingarsjóður fyrir sveitina, vill fundurinn hér með skora á öll starfandi félög innan sveitarinnar að leggja fram

i slíkan sjóð 5% af brúttó árstekum
sínum, Skal þeim húsbyggingarsjóð sett
reglugjörð og sé hann undir ~~stjórn~~ vernd
sveitarstjórnar. Afskrift þessi sendist öllum
starfandi félögum í hreppnum. og er óskað
eftir at hvert félag sendi fulltrúa til
samningar þessarar reglugerðar.
Tillagan var rædd litilsháttar og
virtust allir vera henni meðmæltir
því næst var hún borin upp og
samþykkt mótatkvæðalaust
Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Sverrir Björnsson
(Skrifari)

## Fundargerð

Ár 1943 Sunnudaginn 21. mars var aðalfundur "U. M. F. Vaka" í Viðvíkurhreppi haldinn at Vatnsleysu sökum forfalla árið áður, samkvæmt áður birtu fundarboði

Fundinn setti formaður félagsins Jónas Ósmann og nefndi til skrifara Hólmfríði Sveinsdóttir.

Á fundinum voru mættir ellefu félagar

þetta gjörðist

1. Lagðir fram reikningar félagsins, endurskoðaðir og samþykktir án breytinga
2. Kosin stjórn félagsins og hlutu þessir kosningu
   Marteinn Steinsson met níu atk.
   Hólmsteinn Sigurtsson met átta atk.
   Sigríður Árnadóttir met sex atk.
   Varastjórn hlutu Jónas Ósmann,
   Guðjón Jónsson og Hólmfríður Sveinsdóttir
3. Rætt var um skemmtun, sem haldin skyldi fyrir félagið í vor. Kosin var fimm manna nefnd til at sjá um það og hlutu kosningu Guðjón Jónsson Hólmsteinn Sigurtsson Sigríður Árnadóttir Margrét Ólafsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir Fleyra ekki tekið fyrir

Fundarstjóri Jónas Ósmann

Fundarskrifari Hólmfríður Sve[illegible]

Vantar fundargerð

# Fundargerð.

Ár 1943, 4/8 var aðalfundur U. M. F. „Vaka" í Vítaðarhreppi haldin at Þinghúsi hreppsins at Løk.
Á fundinum vóru møttir 17 felagar.
Formaðurin Marteinn Steinsson setti fundin, og nevndi til skrivara Gísla Bessason.

Þetta gjørdist.

1. Rødd var um heyskap á konandi sumri og vóru allir sammála framsøgumanni Hólmsteini Sigurðssyni, um at heyskapin skyldi fara fram hjá Franska Árnasyni er þá var búin at gera pöntun eftir hvørjum vinnu hjá ungmannafelaginum

a. Ein tillaga var borin fram, at allir er ekki møttu í heyskap skyldu borga, en fundurin var á móti þí í þessu sum, þar sum svo fáir vóru í felaginum at ekki mátti koma sundurlundi í hópin, og var tillaga þeir feld með samhljóða atkvøðum.

2. Marteinn Steinsson kom með fyrir-spurn til þeirra er hefðu verið kosnir í húsbyggingar-nevnd af hálfu ungmannafelagsins hvat þeir hefðu gert, og þat sum fram at lítið hefði

verið atkvæði, og voru þeir endurkosnir í nefnd þessa þeir Gísli Bessason og Rögnvaldur Árnason.

3 Kosið í heyskapar-nefnd. Rögnvaldur Árnason, Hólmsteinn Sigurðsson og Gísli Bessason.

4. Kosin stjórn félagsins, og þessir hlutu kosningu

Marteinn Steinsson 12 atkvæði

Gísli Bessason 13. —"—

Hólmsteinn Sigurðsson 12 —"—

Tilvara Hólmfríður Sveinsdóttir

Sigríður Árnadóttir

Garðar Björnsson

5. Kosnir endurskoðendur reikninganna.

Hólmfríður Sveinsdóttir og Garðar Björnsson.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

(Skrifari)

Gísli Bessason

Fundargerð 1944.

Sunnudaginn 25. júní var aðalfundur U.m.f. „Vöku" haldinn að Lækjarhúsi.

Fundinn setti formaður félagsins, Gísli Bessason. Nefndi hann til ritara, Sigríði Árnadóttur. Á fundinum voru 12. félagar mættir.

Gjörðir fundarins voru:

I Lagðir fram reikningar félagsins fyrir s.l. ár, voru þeir endurskoðaðir. Reikningarnir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

II Kosin stjórn: þessir hlutu kosningu.

Gísli Bessason með 9. atkvæðum

Hólmsteinn Sigurðsson – 9. – –

Marteinn Steinsson – 7 – –

Varastjórn:

Sigríður Árnadóttir – 4 – –

Ragnhildur Árnadóttir – 2. – –

Björn Gunnlaugsson – 2. – –

III Skemmtisamkoma: Framsögumaður Gísli Bessason. Hann kvaðst hafa heyrt raddir um að nauðsynlegt væri að hafa skemmtisamkomu á næstunni. Gerði hann og frekar grein fyrir málinu. Samþykkt var að hafa samkomu svo fljótt sem hægt væri. Kosin 5 manna

skemmtinefnd, og hlutu þessir kosningu:

Gísli Bessason með 9 atkv.
Herjólfur Sveinsson – 9. –
Björn Gunnlaugsson – 8. –
Ragnhildur Árnadóttir – 7. –
Guðrún Bergsdóttir – 6. –

IV Formaður félagsins gerði fyrirspurn til fundarmanna hvort ekki mundi gerlegt að fara skemmtiferð í sumar. Eftir stuttar umræður var samþykt að farið yrði austur í Mývatnssveit, ef nægileg þátt-taka fengist meðal félagsmanna. Nefndu þá fundarmenn Hólmstein Sigurðsson og Njál Hermannsson til þess að annast um undirbúning ferðarinnar.

V Hólmsteinn Sigurðsson gerði fyrirspurn um, hvort ekki væri rétt að hækka árstillög þannig. Karlmenn greiði 5.kr. í stað 3.kr., og kvennfólk greiði 3 kr. í stað 2ja kr.

Var þetta samþykt með öllum greiddum atkvæðum

VI Þá gerði Björn Gunnlaugsson fundarmönnum kunnugt að plöntur þær er hann var beðinn að útvega, væru komnar. Taldi Björn nauðsynlegt að ákveða hvar þær yrðu gróðursettar, og var ákveðið að setja þær þar sem hið fyrirhugaða U.M.F.-hús á að standa í framtíðinni.

Úr félaginu gengu þau Rögnvaldur Árnason og Margrét Ólafsdóttir.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið

Fundargerð:

Sunnudaginn 14 Jan. 1945. hélt u.m.f. „Vaka“ fund að Vatnsleysu. Fundinn setti Marteinn Steinsson og stjórnaði hann fundinum, enda var formaður félagsins fjar-verandi. Á fundinum mættu 8. félagsmenn

Gjörðir fundarins:

I. Rætt var um tekjuöflun, og komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, að hafa skemmtisamkomu með „Basar“ til að eitthvað kæmi í þingjuna. Engin ákvörðun var tekin um hvenær skemmtunin yrði haldin, heldur átti skemmti-nefnd að finna heppilegasta tímann.

Í skemmtinefnd voru kosin:

1. Hólmsteinn Sigurðsson.
2. Hólmfríður Sveinsdóttir.
3. Sigríður Árnadóttir.
4. Njáll Hermannsson.
5. Haraldur Bessason
6. Eggert Bergsson.

II. Á fundinum var rætt um framkvæmdir, sem ~~ungm~~ ungmennafélagar hafa séð draumsjónum, og hvernig þær mættu íklæðast gerfi veruleikans. Flestir fundarmanna tóku til máls, og voru málin rædd af alvöru og samhug, en frá ýmsum hliðum. Það kom glöggt fram af fundarmenn

töldu fyrirhugaða húsbyggingu mál málanna. Við þessa umræðu kom fram svo hljóðandi tillaga frá Marteini Steinssyni

„Fundurinn felur stjórninni að fara þess á leit við hreppsnefndina, að hún afhendi u.m.f. húsbyggingarsjóð hreppsins. Enda leggji u.m.f. 2000 kr – krónur tvöþúsund – af eignum sínum í sjóðinn og skal fé það aldrei notað til annars en byggingar á funda- og samkomuhúsi í Viðvíkurhreppi."

Tillagan borin upp og samþykt með samhljóða atkvæðum.

Þessu næst voru 3. menn kosnir, til að athuga hvort möguleikar lægju, að hafist yrði handa um húsbygg-ingu á komandi vori. Skildi þá gengið út frá því að húsið yrði fokhelt, en „innrétting" færi fram síðar.

Þessir menn hlutu kosningu: Kári Hermannsson, Jónas Ósmann og Marteinn Steinsson.

III Hólmsteinn Sigurðsson skýrði frá starfi þeirra 5. manna sem á s.l. sumri athuguðu um heppilegastan stað fyrir hið tilvonandi samkomuhús. Sagði hann að nefnd þessi teldi Stekkjarholtið, sunnan við Narfastaði, besta hússtæði. Einnig sagði hann að nefnd þessi hefði samið (munnlega) við Elías Þórðarson (eiganda Narfastaða) f.h. U.m.f. um kaup á Stekkjarholtinu og landspildu frá því og upp að vegi. Skildi kaupverðið vera 500 kr – krónur fimmhundruð – Mál þetta var nokkuð rætt, og síðan samþykt samhljóða

að fela stjórninni að gjöra skriflegan kaupsamning og greiða nefnda upphæð úr félagssjóði.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Hólmsteinn Sigurðsson
(fundarskrifari)

Sunnudaginn 18. mars 1945, var settur og haldinn aukafundur í ungm. fél. Vaka að Ytri-Hofdölum. Stjórnarnefndarmaður Marteinn Steinsson setti fundinn og nefndi til ritara Sigurmon Hartmannsson, er á fundinum mætti sem oddviti sveitarinnar.
Fundarstjóri las upp fundargerð frá síðasta fundi, og var hún samþykkt.
Síðan skýrði Sigurmon frá nauðsyn þess að með byggingu í sveitinni hvergi sem að staða, yrði tekin til athugunar öll húsbyggingar-þörf sveitarinnar.
Almennur áhugi félaganna var fyrir byggingu samkomuhúss, en nokkuð meiri valfi ......

um möguleiki um sambyggingu.
Ungmennafél. á þegar nokkurn landskika ofan við Nafastaði, og hefir það fastlega hugsað sér sitt heimili þar.
Þá kom fram tillaga frá Marteini Steinssyni.
„Fundurinn samþykkir að skora á hreppsnefnd og skólanefnd, að hlutast til um að fá fræðslufulltrúa til að koma á almennan fund hér í hreppi í vor. Skal þá leyta samkomulags um sameiginlega byggingu fyrir samkomur og barnafræðslu.
Ef ekki reynist það að ná nefndu samkomulagi, skal fara fram atkvæða-greiðsla um þá tillögu er lögð var fram á hreppsnefndarfundi 13. mars s.l."
Tillagan uppborin og samþ. samhljóða.
10 félagar mættir.

Tillagan uppborin og samþykkt.

Fundi slitið

Marteinn Steinsson. S. Hallmann.